

7.bekkur – vorönn – íslenska

Vika	Viðfangsefni	Fastar dagsetningar
18.- 21.feb	Málfræði: Ljósrit 33,34,35,41 Stoðkennarinn: Stafsetning verk. 1	
24. -28.feb	Málfræði: Ljósrit 42,45,46 Stoðkennarinn: Stafsetning verk. 2-3	24. Bolludagur 25. Sprengidagur 26. Öskudagur
2. – 6.mars	Málfræði: Ljósrit 47,49,54 Stoðkennarinn: Stafsetning verk. 4-5	
9. – 13.mars	Málfræði: Ljósrit 55,59,60 Stoðkennarinn: Stafsetning verk. 6	
16 – 20.mars	Málfræði: Ljósrit 61,62,63 Stoðkennarinn: Stafsetning verk. 7	
23. – 27.mars	Málfræði: Ljósrit 64,65,67 Stoðkennarinn: Stafsetning verk. 8	
30. – 3.apríl	Málfræði: Ljósrit 68,69 Stoðkennarinn: Stafsetning verk. 9	
Páskafri		
14. – 17.apríl	Málfræði: Ljósrit 70,71,72 Stoðkennarinn: Málfræði 1 -2	
20. – 23.apríl	Þemadagar	20. – 22. þemadagar 23. sumard fyrsti 24. annarleyfi
27. – 30.apríl	Málfræði: Ljósrit 74,78,81 Stoðkennarinn: Málfræði 3-4	
4.-8.maí	Málfræði: Ljósrit 83, 84,85,86 Stoðkennarinn: Málfræði 5-6	
11. – 15.maí	Upprifjun og námsmat	
18.- 22.maí		18.- 20.vordagar 21.uppstigningardagur 22.skólaslit

Lestur og bókmenntir: Lesið er amk 3x upphátt fyrir kennara á viku. Einnig verður tíma varið í yndislestur og bókmenntir.

Tjáning: Ein kennslustund í viku þar sem Anna Kristín Guðjónsdóttir stýrir kennslunni. Verkefni vorannar er m.a.undirbúningur og þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni.

Ritun: Fjölbreytt ritunarverkefni verða unnin jafnt og þétt yfir önnina m.a. bókmenntaritgerð sem unnin er upp úr kjörbók.

Hlustun og áhorf: Hlustað á upplestur og myndefni skoðað samþætt við aðrar námsgreinar m.a. náttúrufræði.

Námsmat

Leiðsagnarmat er lagt til grundvallar við námsmat og verkefni metin.

Kennaraeinkunn/umsögn er gefin út frá viðhorfi, vinnusemi, vinnubrögðum og samvinnu. Prófseinkunn er gefin út frá þeim prófum sem lögð verða fyrir á önninni.

Hæfniviðmið sem lögð eru til grundvallar

Talað mál, hlustun og áhorf

- geti tjáð sig skýrt og áheyrilega fyrir framan hóp og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- sagt frá atburðum og/eða upplifunum fyrir framan hóp
- hlustað með athygli á upplestur, frásagnir og fyrirmæli
- beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum

Lestur og bókmenntir

- geti nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orða út frá samhengi
- greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sögusviði, boðskap, aðal- og aukapersónum
- lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað

- beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rími, ljóðstöfum, hrynjandia boðskap, auk nokkurra hugtaka myndmáls
- greint og fjallað um aðalatriði í texta
- lesið úr einföldum skýringamyndum og táknum

Ritun

- skrifað skýrt og læsilega
- beitt stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn
- gert sér grein fyrir uppbyggingu texta svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi
- skrifað texta í tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu
- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun og tjáð eigin hugmyndir og reynslu

Málfræði

- búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta
 - raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag
 - beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi með góðum orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska
- áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, nafnorð og lýsingarorð og hafi góð tök á að greina texta í þessa flokka

Tengsl við grunnþætti menntunar

Læsi

Stuðlað verður að því að nemendur nái góðu valdi á lestri og ritun texta. Að nemendur skilji myndmál og geti nýtt sér það við almenna upplýsingaöflun. Áhersla verður lögð á að nemendur verði samskiptalæsir og geti unnið í hópum, komið skoðunum sínum á framfæri og hlustað á skoðanir annarra. Nemendur séu upplýsingalæsir og geti aflað sér upplýsinga á margvíslegum hátt, vegið þær og metið með gagnrýnum hætti

Sjálfbærni

Stuðla verður að aukinni umhverfisvitund í gegnum texta sem við lesum saman og vinnum með. Tilgangurinn er að efla þekkingu og skilning á samspili náttúru, umhverfis og mannlífs. Nemendur geri sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temji sér lífsvenjur sem stuðli að heilbrigði jarðar og jarðarbúa.

Lýðræði og mannréttindi

Áhersla er lögð á að hversdagslegir starfshættir séu byggðir á lýðræði og virðingu fyrir manngildi hvers og eins. Kurteisi, ábyrgð og samvinna eru höfð að leiðarljósi. Nemendur eru hvattir til að tjá sig og tekið er mið af skoðunum þeirra og þörfum.

Heilbrigði og velferð

Heilbrigði og velferð verður rædd í gengum texta sem við lesum saman. Hugað verður að því að nemendur fái reglulega hreyfingu.

Jafnrétti

Lögð verður áhersla á að hver og einn nemandi fái að njóta sín miðað við eigin þroska, sérstöðu, þarfir, áhuga og styrkleika. Áhersla á umburðarlyndi og víðsýni gagnvart fjölbreytileika mannlífsins s.s. ólíkri menningu, þjóðerni, trúarbrögðum, lífsskoðunum og fleira.

Sköpun

Ýmis verkefni unnin og sett upp á skapandi hátt. Unnið verður með myndsköpun, myndasögur, hugtakakort og fleira. Söguskrif og fjölbreytt ritunarkerfni.